

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 816/2011 um hafnarríkiseftirlit.

1. gr.

Í stað 29. gr. koma tvær nýjar greinar svohljóðandi:

29. gr.

Endurgreiðsla kostnaðar.

Sé lagt farbann á skip skv. 19. gr. skal útgerð greiða sérstakt gjald vegna farbannsins. Gjaldið skal vera til endurgreiðslu þess kostnaðar sem fellur til hjá Samgöngustofu í tengslum við farbannið. Til kostnaðar telst, vinna starfsmanna samkvæmt tímagjaldi, ferðakostnaður, gistikostnaður, fæðiskostnaður, efniskostnaður og annar kostnaður sem kann að falla til sérstaklega vegna farbanns. Farbanni skal ekki aflétt fyrr en full greiðsla hefur borist eða fullnægjandi tryggingar settar fyrir greiðslu gjaldsins.

Gjaldið skal birt í gjaldskrá Samgöngustofu samkvæmt lögum um Samgöngustofu, stjórnsýslustofnun samgöngumála nr. 119/2012.

29. gr. a.

Sektir

Ef útgerð skips sem, í samræmi við 14. gr. reglugerð þessarar, mun sæta víðtækri skoðun og er á leið til hafnar eða akkerislægis á Íslandi uppfyllir ekki kröfur 9. gr. um tilkynningu skal greiða stjórnvaldssekt skv. 45. gr. skipalaga nr. 66/2021.

Sé lagt á farbann skv. 19. gr. reglugerð þessarar skal útgerð skips greiða stjórnvaldssekt skv. 45. gr. skipalaga nr. 66/2021. Farbanni skal ekki aflétt fyrr en full greiðsla hefur borist eða fullnægjandi tryggingar verið settar fyrir greiðslu sektarinnar.

2. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 33. gr. skipalaga nr. 66/2021 og öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu,